

277. fundur

Fimmtudaginn 19. desember 2019, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Arnar Árnason, Guðrún Lárusdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Pálmi Vilhjálmsson og Ragnar Árnason. Þá sat Arnar Freyr Einarsson einnig fundinn. Forföll boðaði Hálfván Óskarsson.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Fundargerð og skipan nýrrar nefndar.**

Formaður bauð nefndarmenn velkomna til fyrsta fundar og lagði fram fundargerð síðasta fundar til kynningar.

2. **Gildandi regluverk og endurskoðun búvörusamnings.**

Lögð fyrir helstu ákvæði búvörlaga nr. 99/1993 sem snúa að verðlagningu búvara og samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar sem undirritað var 25. október 2019. Jafnframt var lagt fram yfirlit um störf nefndarinnar sl. þrjú ár og verðlagningar. Farið var yfir hlutverk nefndarinnar skv. búvörlögum og rætt um endurskoðun fyrirkomulags verðlagningar sbr. ofangreint samkomulag. Umræður um skipan og hlutverk starfshóps sem mun skila tillögum og fjalla um (1) forsendur samkeppni við vinnslu mjólkurafurða, (2) fyrirkomulag verðlagningar mjólkurvara á heildsölustigi og (3) umgjörð verðlagsnefndar búvöru. Starfshópurinn skilar tillögum sínum eigi síðar en 1. maí 2020. Óskað var eftir afriti af erindisbréfi þegar það liggur fyrir og að verðlagsnefnd verði haldið upplýstri um framvindu starfshópsins. Þá fóru fram umræður verðlagsgrundvöll kúabús og lagt fram minnisblað um mat Sveins Agnarssonar um gerð nýs verðlagsgrundvallar auk minnisblaðs um gerð nógildandi verðlagsgrundvallar.

3. **Drög að verklagsreglum.**

Lögð fram drög að verklagsreglum nefndarinnar. Umræður. Ákveðið að einfalda verklagsreglurnar með það að markmiði að setja skýran og auðlesinn ramma um verklag nefndarinnar. Uppfærð drög verða tekin fyrir á fyrsta fundi næsta árs.

4. **Verðlagsgrundvöllur kúabús.**

Lagðir fyrir verðlagsgrundvellir kúabús fyrir desember 2018 og mars, júní, september og desember 2019, ásamt samantekt um þróun verðlagsgrundvallar frá síðustu verðlagningu 1. september 2018. Umræður um niðurstöður framlagðra gagna, vogir helstu liða grundvallarins og almenna verðlags- og launaþróun. Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús er um að ræða samanlagða 5,9% hækkun heildarkostnaðar frá septembergrunni árið 2018 til desember 2019.

5. **Störf nefndarinnar framundan.**

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn þann 23. desember 2019. Fundarefni er hækkun verðlagsgrundvallar og vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva og möguleg verðákvörðun. Umræður um að nefndin setji sér fundaaætlun og fjölgi fundum á næsta ári. Fyrsti fundur ársins 2020 verður haldinn 28. janúar kl. 13:30.

6. **Önnur mál.**

Ekki komu fram önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:45.

278. fundur

Mánudaginn 23. desember 2019, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Helga Ingólfssdóttir, Pálmi Vilhjálmsson og Ragnar Árnason. Í síma voru: Arnar Árnason og Guðrún Lárusdóttir. Þá sat Arnar Freyr Einarsson einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Verðlagning.

Lögð var fyrir greinargerð um þróun gjaldaliða hjá mjólkursamlögum, hækkunarforsendur og endurskoðaður ársreikningur Mjólkursamsölnunar 2018. Á fundi nefndarinnar þann 19. desember höfðu verðlagsgrundvellir kúabús fyrir september 2018 og mars, júní, september og desember 2019 verið lagðir fram. Umræður um niðurstöður framlagðra gagna.

Borin fram tillaga um 2,5% hækkun á lágmarksverði 1. flokks mjólkur til bænda og 2,5% hækkun á heildsöluverði mjólkurvara sem nefndin verðleggur. Tillagan var samþykkt samhljóða og tekur hún gildi þann 1. janúar 2020.

Ákvörðun nefndarinnar gengur skemur en þróun verðlagsgrundvallar og gjaldaliða hjá mjólkursamlögum. Um 15 mánuðir eru liðnir frá síðustu verðlagningu og var nefndin sammála um að verðlagning væri tímabær. Í ljósi uppsafnaðrar hækkunarþarfar og nýlegrar endurskoðunar samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar var ákveðið að stilla verðhækkun í hof að sinni en jafnframt að verðlagning verði endurskoðuð aftur á fyrstu mánuðum næsta árs.

Forsendur verðlagningar byggjast á verðlagsgrundvelli kúabús og þróun gjaldaliða hjá mjólkursamlögum frá ágúst 2018 til desember 2019, auk annarra framlagðra gagna. Heildarkostnaður verðlagsgrundvallar kúabús hefur hækkað um 5,9% frá því að síðast var verðlagt 1. september 2018 til 1. desember 2019. Reiknuð hækkunarþörf mjólkursamlaga á sama tímabili er 5,2%, en þá er ekki reiknað með hækkun lágmarksverðs til bænda skv. ákvörðun þessa fundar.

Næsti fundur nefndarinnar verður 28. janúar 2020.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 11:00.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson